

Reykjavík 30. mars 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun). Þingskjal 454 — 354. mál.) 145. löggjafarþing 2015–2016.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að unnið sé með markvissum hætti að því að tryggja öllum á Íslandi viðunandi lífsskilyrði, þannig að allir geti lifað með reisn. Uppræta þarf fátækt og tryggja jöfn tækifæri allra. Slíkt er til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

Barnaheill vilja sérstaklega leggja áherslu á stöðu barna og að tryggja beri öllum börnum þau réttindi sem þau eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur hefur verið á Íslandi. Samkvæmt Barnasáttmálanum má ekki mismuna börnum vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Börn sem alast upp við fátækt eru líklegri til að búa við fátækt sem fullorðnir einstaklingar og hafa ekki sömu tækifæri og önnur börn til lífs og þroska og til að rækta hæfileika sína. Barnaheill vilja því leggja áherslu á gjaldfrjálsa grunnþjónustu með öllu, ekki síst fyrir börn s.s. skóla og heilbrigðisþjónustu. Gjaldfrjáls grunnþjónusta er eitt besta tæki til jöfnuðar og jafnra tækifæra allra.

Eins og fram kemur í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni stendur nú fyrir dyrum endurskoðun almannatryggingakerfisins. Barnaheill vilja leggja áherslu á einföldun þess kerfis til hagsbóta fyrir alla.

Hugmyndin um skilyrðislausu grunnframfærslu sem hér er kynnt er róttæk, eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni, en Barnaheill telja að ekkert mæli á móti því að farið verði í faglega greiningarvinnu á slíku, ekki síst með hliðsjón af þeim markmiðum tillögunnar að uppræta fátækt, stuðla að frelsi og jafnrétti, skilvirkni og samstöðu, að jörðin sé sameiginleg eign allra jarðarbúa, sveigjanleika á vinnumarkaði, baráttu gegn atvinnuleysi og ómannúðlegum vinnuskilyrðum. Í þeirri vinnu þarf ekki síst að skoða stöðu barna og fjölskyldna þeirra, jafnrétti og jöfnuð.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri